



## Bréfa- og málasafn 1969, seinni hluti

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – Friðjón Þórðarson – Gísli Gíslason –  
Henning Thmsen – Henrik Sv. Björnsson – Jón Árnason – Tønnes Andenæs – Bodil Begtrup – magnús  
V. Magnússon – William P. Rogers – Pétur Thorsteinsson – Martin J. Hillenbrand – Þorgrímur  
Bjarnason – Hilmar Baunsgaard – Skúli G. Jóhannesson – Sveindís og Haraldur Blöndal – Daníel(?)

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-36, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÍLA- OG VÉLANEFND

Reykjavík, 10. október 1969

VERD Á NOKKRUM TEGUNDUM FÓLKSBIFREIDA ÁN ADFLUTNINGSGJALDA - Bifreiðarnar eru af sömu gerð og tegund og þær bifreiðar, sem notaðar eru af ráðherrum

Ráðuneyti	Tegund bifreiðar, árgerð og númer	Sams konar bifreiðar árgerð 1970, án aðflutningsgjalda kr.
Félagsmálaráðuneytið	Chrysler New Yorker, árgerð 1967, R-1394	439.000,00
Utanríkisráðuneytið	Chevrolet Impala, árgerð 1964, R-2510	335.000,00
Atvinnumálaráðuneytið	Mercedes Benz 250S, árgerð 1966, R-7541	350.000,00
Viðskiptamálaráðuneytið	Buick Electra, árgerð 1968, R-7591	390.000,00
Dómsmálaráðuneytið	Rover, árgerð 1966, R-8180	432.000,00
Fjármálaráðuneytið	Ford Galaxie, árgerð 1966, R-9000	302.000,00
Forsætisráðuneytið	Dodge Monaco, árgerð 1967, R-9253	395.000,00

AMBASSADE D'ISLANDE

PARIS

22. maí 1969.

Fróði vinur,

Þakka þér fyrir  
þess, þótt er til þess  
þi vita þ tókst þ  
þanna í veg fyrir verk-  
föll með vafablit  
ólupnanþessum eflingum  
Þú lifurum þá árangri  
þ sjá þjónu þu yllar  
þjá öllum þ, var þ  
samþykkt álit allar  
þöldryldumma þve  
reistalega árangri þ  
þof. vnt þ þessum  
þessum. Þann er þessum  
þessum þ stöðlegum þ  
þessum niðr vel fyrir.  
Þess á von á þ þessa  
þitla þá Werner þess  
reithens þessum þessum  
vntan þess þessum  
þil þessum. Þann þessum  
þessi öll þessum



gjafan í veltu, en ég í  
vona á þessara fái launum  
og birtu við þá laun  
spyrjast fyrir um, boðst  
september í einu eða vort  
1970 ummi henta. Því  
fætti mánaði fái min  
straax og hef hafu birt  
fái Wenera.

Ógja sí um launin  
á þessu festinni. Það hef  
haldit umd. hef þess og  
allt annað. Fester kostad.  
F 1150.-. Haft var á fái  
20% afskilt met þí á  
tollfrénda launa met  
ferdamanni út í  
frakklandi. Ferdamannu,  
sem út hendingu en af  
launum festinni til skila,  
leiti þyppi Þ. Gíslasson.  
Netto kostnaður en þí  
F. 920.-. Umum út

Þessum líti sípurum.  
Haf þessu launum  
göllu þessu til þess  
þessu þessu end.  
Gíslasson

SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Paris, 27. júní 1969

Góði vinur,


Fyrir nokkrum dögum var ég í Luxembourg í tilefni þjóðhátíðardags þar.

Átti ég þá tal við Werner forsætisráðherra, sem fór strax að tala um fyrirhugaða Íslandsferð, en þau hjónin hlakka bæði mjög til þeirrar ferðar.

Nú stendur þannig á, að Werner, sem er jafnframt fjármálaráðherra, þarf að leggja fram fjárlagafrumvarp í september. Af þeirri ástæðu er hann nokkuð bundinn seinni part sumars. Helzt mundi hann kjósa að koma seinni hluta maí mánaðar á næsta ári.

Held ég að bezt sé að þú sendir honum línu (um hendur utanríkisráðuneytisins og sendiráðsins í París) og stingir upp á, að þau hjónin komi til Íslands næsta vor eða sumar t.d. seinni hluta maí - ef sá tími hentar þér.

Með beztu kveðjum  
þinn einlægur,



Forsætisráðherra  
dr. Bjarni Benediktsson,  
R e y k j a v í k



June 15, 1969

Dear Mr. and Mrs. Benediktsson,

Both Gretter and I want to again tell you how much we appreciated and enjoyed being asked to the lovely dinner at Róðherrabústaðnum. This was a great pleasure and we especially took delight in meeting old friends there.

It was so kind of you to have given us the pleasure of your company at the Saga; it was a very happy ending to a week of fully enjoying the hospitality of good friends.

Gretter joins me in wishing you both good health and thanking you.

Sincerely,  
Irene

Reykjavik, d. 15. Januar 1969

Lieber Ministerpräsident von Island,

In herzlichem Werk des Aufgebühls zu dem grossen Verlust, den meine Familie gelitten hat, haben meine Tochter und mir sehr wohl getan. Besonders danke ich Dir auch dafür, Hilbrand am Samstag die letzte Ehre erweisen zu haben.

Hilbrand war ein grunddenkfröhlicher Charakter mit grosser Kenntnis Islands, der mir viel geholfen hat, die Seele des Landes zu verstehen.

Ich danke und Dir in stiller Trauer meine herzlichsten Grüsse

Min. Henning Thamm



Rjóu Sigríður og Bjarni,

17. 7. 69.

Takki skal dekkja þú fyrir svo mikið  
verðige dögum og netum þínum á Ísland!  
Heimurinn hefur íllur komið með þá jörðu  
enná!

Við komum greitt byggunni með loftleiðum,



billetteine var orduet p  bestu m le .

N  tar jeg en innsjutt p  kontoret f r  
vi skal ha en ferie p  den gamle garden  
v r. Snart st r valget for d ren. Bestillingen  
til den alle fra tomme

Mange takk for sist! Island var en opplevelse, og  
vi hadde noen fine dager der. Thingveldin badet i morgensol -  
og champagne kl. 5 om morgenen - det h rer med blant de opplevelsene  
en aldri glemmer! Mange hilsener til dere alle







PAR AVION  
LUFTPOST

Sigridur & Bjarni  
Benediktsson  
Hamblich 14  
Reykjavik, Iceland



GREETING CARDS CREATED BY FISCHGRUND  
EDITORIAL MEXICO, S. A.

Mexico City  
28.6.69.  
Kæri Sigridur og Bjarni.

Vi telefonera dere maudag  
7. júní. Vi glæðast til  
á hlið þi dere.  
Vi hafa det interessant, þess  
hefningu hafa fát vandi  
í ryggen.  
helsan í all

BIBLIOTECA DE LA  
CIUDAD UNIVERSITARIA  
MEXICO, D. F.





SKAGENS MUSEUM

P. S. KRØYER 1851-1909

Sommeraften ved Skagen. Kunstnerens hustru ved stranden. 1891. (Deponeret af Ny Carlsberg Glyptotek.)  
A Summer-Night at the Skaw. The Artist's Wife on the Beach.  
Nuit d'été à Skagen. La femme de l'artiste au bord de la mer.  
Sommerabend, Skagen. Die Frau des Künstlers am Strande.

Skagen 1-4-69

HVOR  
to have og  
alverden  
MØDES



Konu Bjarni og

Sigríður.

Hl. Státsmánníngur

Bjarni Benediktsson  
of Fúru

En hilsun frá  
Skagen, hvor der er  
Røligt og godt  
efter det kede

Reykjavík.  
Ísland.

Lissabon.  
mange hilsner  
frá Bodil

TRYKT: BERNHARDT & SØN, KØBENHAVN

Steinunn og Þórir Kjartansson  
líta yður að veita sér þá áhæggju að vera  
viðstödd brúðkaup dóttur sinnar

Sveindísar

og

Haraldar Blöndal

sem fram fer í Dómkirkjunni laugar-  
daginn 16. ágúst 1969 kl. 4 síðdegis,  
og þiggja að vígslu lokinni, veitingar í  
Héttinsnausti Seljaveg 2





**Saga-sus**  
PÅ CARAVELLE RESTAURANT 3.-23. FEBRUAR 1969



# Saga-sus

Island, sagaøya i vest, ligger idag bare 2 timer og ti minutter fra Oslo med jet-flyet «Gullfaxi». Det er på høy tid at vi her på Caravelle også presenterer vårt stolte, tradisjonsrike og fengslende naboland.

Island ble oppdaget av vikingene i midten av det 9de århundre, og den første bosetting fant sted i året 874. Allerede i 930 var landet så vel organisert at det dannet Altinget på Thingvellir, den eldste eksisterende nasjonalforsamling i verden.

Island er det eneste land på kloden som kjenner sin historie fra første dag, og som gjennom sin nærmest ufattelige kulturinnsats også reddet for ettertiden vår norske middelalderhistorie.

Island er fra naturens side kanskje også det yngste land, så ungt at det fremdeles befinner seg i skapelsesprosessen, som da den nye øya Surtsey 14de november 1963 steg opp av havet. — Alle som besøker Caravelle under de islandske uker vil få som minne en liten lavasten fra Surtsey, levert fra jordens indre.

Denne presentasjon av vårt sjarmerende naboland av idag og igår, er kommet istand ved samarbeide med Flugfélag Islands, Nordens Hus i Reykjavik, Hotel Saga, islandsk landbruk og fiske, Islands ambassadør i Norge, H. E. Hans G. Andersen, og SAS.

Islandske vertinner i nasjonaldrakter tar imot og viser omkring. Her er bl. a. en utsøkt utstilling av moderne islandsk kunst ved malerne S. Kjarval, Jon Stefánsson, Ásgrímur Jónsson, Thorvaldur Skúlason, Svavar Gudnason, Nína Tryggvadóttir og Vilhjálmur Bergsson, og av billedhuggerne Asmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson.

Islandske spesialiteter tilberedes av kjøkkensjef Bragi Ingason fra Hotel Saga og vår kjøkkensjef Hans Jebsen. Matvarene er flybårne fra Island.

Hele restauranten er omskapt til islandsk miljø, og om aftenen danser vi til vårt populære orkester «Batory Kvarsett» under sagaøyas «Caravelle vulkan».

Alle besøkende deltar i en konkurranse hvor prisen er en flyreise for to personer Oslo—Reykjavik og retur med Flugfélag Islands, og en ukes opphold som gjest på Nordens Hus og Hotel Saga.

Vel møtt til Island i et nøtteskall på Caravelle Restaurant!




ni262

xk29

s koebenhavn 56/54 26 1517 northern

1909 III 26

15:26



etatpriorite jour

hans excellence statsminister bjarni benediktsson  
reykjavik

paa den danske regerings og egne vegne beder jeg dem, hr  
statsminister, modtage min hjerteligste tak for deres venlige  
lykoensskning i anledning af det danske flags 750-aarsdag.  
jeg benytter lejligheden til at oenske vort islandske broderfolk  
al Lykke og fremgang

hilmar baunsgaard statsminister

col ~~750~~-aarsdag



þorvald G.  
tali við S. J.  
Stærri lafar þvi 25/11

með

Um umsókn Skúla G. Jóhannessonar Bjarmalandi 7 um  
íbúðarlán frá Húsnæðismálastjórn út á íbúð að Kúrlandi  
18 Reykjavík.

Íbúðin að Kúrlandi 18 er í raðhúsi að Kúrlandi  
nr. 14-22. Umsóknin til Húsnæðismálastjórnar um lán út  
á íbúðir í raðhúsi þessu eru sem hér segir.

- Nr. 14 Umsókn innkomin 14/3 1969. Ekki byrjað á  
íbúðinni.
- Nr. 16 Engin umsókn.
- Nr. 18 Umsókn Skúla innkomin 16/7 1969. Ekki  
fokheld.
- Nr. 20 Umsókn innkomin 12/3 1969. Fokheld 14/10  
1969.
- Nr. 22 Umsókn innkomin 12/3 1969. Fokheld 14/10  
1969.

Næstu lánsloforð, sem gefin verða, eru miðuð við út-  
borgun lánsins frá og með 1/2 1970. Undir þessa lánveit-  
ingu koma til með að falla íbúðirnar nr. 20 og 22. Hinar  
þrjár íbúðirnar geta ekki orðið í þessari lánveitingu, þar  
sem umsóknirnar þurfa að hafa borizt fyrir 15/3 1969 og  
íbúðirnar að vera fokheldar fyrir árslok 1969.

19/11 1969.

þskk

Ath.

Íbúð er ekki talin fokheld, fyrr en vottorð hefir  
borizt um það, og bygging ekki hafin, fyrr en vottorð um  
það liggur fyrir.



Frá framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins

Með hreygju hveðju  
Þorvaldur Gaudin



# FISKMATSSTJÓRI

SKRIFSTOFA  
HAMARSHÚSINU  
REYKJAVÍK

Símnefni: FISKMAT. Reykjavík

Símar: 16858 — 13898

Reykjavík, 4. janúar, 1969.

BÁB/hj

Hr. Jón Björnsson,  
Reyðarfirði.

Það kemur fyrir, að embættismenn þurfa að láta frá sér fara boðskap þótt sá boðskapur stríði gegn mannlegum tilfinningum þess hins sama manns.

Við afgreiðslu fjárlaga á Alþingi fyrir árið 1969, ákváðu stjórnarvöld og fjárveitinganefnd, að skera niður af nákvæmri áætlun Fiskmats ríkisins um 3 milljónir króna, eða allt að einum fjórða hluta.

Þetta mun eiga að kallast "sparnaður í opinberum rekstri", sem beint er þó að þeim verkefnum, sem kalla mátti lífæð þessarar þjóðar.

Það leiðir af sjálfu sér að með þessum aðgerðum hins opinbera hefir þrotlaus vinna, sem ég og aðrir yfirmenn Fiskmats ríkisins hafa lagt á sig undanfarið gjörsamlega verið gerð ónýt.

Samkv. framansögðu, ber mér sem embættismanni að gera við þessu eðlileg viðbrögð, enda þótt mér sé það óljúft í alla staði.

Ég verð að afturkalla setningarbréf þitt dags. 21. ágúst 1968. með þriggja mánaða fyrirvara frá deginum í dag að telja, mín vegna sem forstöðumanns Fiskmats ríkisins, samkv. lögum um veitingu og uppsögn starfa.

Þetta verður að gerast nú, enda þótt þess sé vanst í lengstu lög, að eitthvað birti yfir áður en lýkur.

Þinn einlægur,





Akranesi 1.ágúst 1969.-

Góði vin,

Aðeins nokkrar línur í framhaldi af samtali okkar í gær.


Mér þykir leitt að heyra, að það skuli sagt vera, að jeg reki sérstakan áróður fyrir Gunnar Thoroddssen í sambandi við bankastjórastarfið.- Hér er ekki rétt með farið.- Það sanna er, sem jeg reyndar sagði við þig í samtalinu, að jeg hefði talað við, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason og Sverrir Júlíusson,- Aðra þingmenn ekki, þar sem mál þetta hefur borið á góma.- Jeg á bággt með að trúá því, að þessir menn hafi borið, ~~það~~, að jeg hafi verið með sérstakan áróður.-

Þegar við ræddum fyrst saman um þetta mál, tjáði ég þér hug minn, og sem er óbreyttur ennþá.-

Hitt er mér ljóst, að hér er mikill vandi á höndum, og sízt vildi jeg verða til þess, að auka á erfiðleikana í starfi Sjálfstæðisflokksins, jeg vænti því þess, að giftusamlega takist um lausn þessa máls, svo að sem flestir meigi við una.

Með bastu kveðju,

þinn einl.





# Friðjón Þórðarson

sýslumaður

Einkabréf.

Sth. 28. júlí 1969.

*Benediktsson*

Heiðraði vinur!

Í framhaldi af samtali okkar um daginn vil ég taka eftirfarandi fram til nánari skýringar:

1) Ég tel æskilegt og rétt, að bankastjórar Landsbanka Íslands séu ekki jafnframt alþingismenn.

2) Um Gunnar Thoroddsen, ambassador, sem nú sækir um starf bankastjóra, vil ég segja þetta. Miðað við feril hans og frama í flokki okkar, og þann trúnað, sem honum hefur jafnan verið sýndur, tel ég ekki fært að synja honum um þetta starf. Ég þykist vita, að mikill meiri hluti þingmanna flokksins sé honum hlynntur í máli þessu. Sama þori ég að fullyrða um meginþorra minna kjósenda í Vesturlandskjördæmi. Þá á ég einnig mikinn fjölda náinna frænda, venzlamanna og vina í Reykjavík, sem fylgir Sjálfstæðisflokknum að málum. Ég er viss um, að yfirgnæfandi meiri hluti þess fólks er sama sinnis. Með hliðsjón af framanrituðu mun ég styðja Gunnar Thoroddsen í máli þessu, ef það verður nánar borið undir mitt álit eða atkvæði.

Vona ég innilega, að fram úr þessum vanda takist að ráða á farsælan hátt fyrir flokkinn og framtíðina.

Með kærri kveðju og bezta trústi,

Hr. Bjarni Benediktsson,  
forsætisráðherra,  
Reykjavík.



Reykjavík. Vesturgötu 17. 16. 8. 1969.

(Íslandi allt.)

(Guimur pot.)

Dr. Bjarni Benediktsson!

Önnu forsetisráðherra! Heilir og sæli:  
Við skulum hækka krónuna á þar -  
þannig að fara þó nokkurn veginn um -  
eitt set - ef með öðrum aðum, stíka  
úttítt milli, (aftan af). Kalla þann  
þunga krónu, eins og frakkar og  
Rússar á sínum síma gætu.

Það má kalla þetta sálvona breið -  
ingur á krónu sem allir gera gætu  
af, bæði innlendis og ítlendis; (...)

Tíminn er hagstæður fyrir okkur  
í aðra röndina, en hætta í hina.

Þó ef þalaf um þetta við Björn -  
bankastjóra Seðlabankans, eins við hag -  
fræðing Seðlabankans eða ritstjórnarmann.  
Þeir höfðu þessu vel og höfðu eða hag -  
fræðingurinn, að mögulegt væri að koma  
þessu í kring á einum mánuði - með  
þannig að ríkisstjórnin gæði bráttalífga -  
lög. Eins mætti láta þingit sam -  
þykja þetta, leggja það fram sem  
stjórnarformann. Viðfangarfullt.

Dr. þó þóguimur Bjarnason, Jónssonar góð

Dalbrunnur á Galanosi.



# Gisli Gislason

TRADE  MARK

IMPORT EXPORT

Established 1933  
Cable address:  
„Gandi, Vestmannaeyjar“  
Telephone 2000 - 2001  
Codes:  
Bentley's  
A. B. C. 5th Edition

COMMISSION AGENT AND WHOLESALE MERCHANT

Herra forsætisráðherra,  
Bjarni Benediktsson,  
Reykjavik.

P. O. BOX 52  
WESTMANN-ISLANDS  
ICELAND

pt. Hamburg, 17/10, 1969.

Góði vinur,


Lán DM: 30 Mio.

Ég legg hjálagt afrit af bréfi frá Bank für Gemeinwirtschaft A/G,  
til Sedlabanka Íslands, vidvíkjandi ofangreint lán .

Hvað sem verður um lántöku þessa, þá vildi ég láta þig vita með  
hjalögðu bréfi það sem rétt er í þessu máli, ef einhverjum skyldi detta  
í hug að hnokra til sannleikanum.

Með bestu kveðjum,

þinn einl.



Kapitalbelag	DM 30.000.000,—
Rekjavik	7 1/8 % p. a. fast
Gjaldgjafi	Halvskilframtalsgjafi
Skilgjafingarátt	15 dagar
Fresting	með skilyrði með 4 Frók. árið í 15 gjaldgjafi áskilgjafingarátti
Akkræðing	20 %
Gjaldgjafi	15 dagar
Tilgjafi	með skilyrði með 4 Frók. árið í 15 gjaldgjafi áskilgjafingarátti
Akkræðing	20 %
Skilgjafingarátt	með skilyrði með 4 Frók. árið í 15 gjaldgjafi áskilgjafingarátti
Fresting	með skilyrði með 4 Frók. árið í 15 gjaldgjafi áskilgjafingarátti



Herrn G i s l a s o n

Du/Herrn Dr. Langer, Ffm.

BANK FOR COMMONWEALTH  
AKTIEGESSELLSCHAFT  
2 Hamburg 1  
Domstraße 18

Vertraulich!

An die  
Central Bank of Iceland  
Governor Mr. Johannes Nordal

17. Oktober 1969

Reykjavik - Iceland

Betr.: Anleihe der isländischen Regierung über DM 30 Mio

Sehr geehrter Herr Dr. Nordal!

Wir nehmen höflich Bezug auf den in der obigen Angelegenheit geführten Schriftwechsel sowie auf das mit Ihnen am 26.9.1969 in Hamburg in obiger Angelegenheit geführte Gespräch. Außerdem bestätigen wir Ihnen den Empfang Ihres Telegramms, in dem Sie uns mitteilen, daß Sie 8 Tage nach Rückkehr in Island auf diese Angelegenheit zurückkommen wollen und daß dieses Darlehen solange zurückgestellt ist.

Wir möchten den Inhalt des mit Ihnen geführten Gesprächs nachfolgend kurz bestätigen und freuen uns, ferner mitteilen zu können, daß sich die Konditionen infolge Besserung des Kapitalmarktes zur Zeit wieder etwas günstiger stellen, und zwar wie folgt:

Nominalbetrag:	DM 30.000.000,--
Nominalzins:	7 3/4 % p.a. fest
Zinstermine:	halbjährlich nachträglich
Gesamtlaufzeit:	18 Jahre
Tilgung:	zum Nennwert nach 4 Freijahren in 14 gleichen Rückzahlungsraten
Auszahlungskurs:	97 %

oder

Gesamtlaufzeit:	15 Jahre
Tilgung:	zum Nennwert nach 4 Freijahren in 11 gleichen Rückzahlungsraten
Auszahlungskurs:	98 %
Transferegenehmigung:	durch die Nationale Notenbank erforderlich
Besteuerung:	Die Zahlung von Kapital und Zinsen erfolgt frei von Abzügen aller Art incl. Quellensteuer.



Anwendbares Recht und  
Gerichtsstand:

Alle Rechte und Pflichten aus dieser  
Darlehensaufnahme bestimmen sich  
ausschließlich nach dem Recht der  
Bundesrepublik Deutschland;  
Erfüllungsort und Gerichtsstand ist  
Hamburg.

Valutierung:

siehe unten

Agio bei außerplanm.  
Tilgung nach Ablauf  
der Freijahre:

1975	104 1/2 %
1976	104 %
1977	103 1/2 %
1978	103 %
1979	102 1/2 %
1980	102 %
1981	101 1/2 %
1982	101 %
1983	100 1/2 %
1984	100 %

Im Ubrigen bleiben die Konditionen - wie bisher besprochen - unverändert.

Im Verlaufe des mit Ihnen, sehr geehrter Herr Dr. Nordal, geführten Gesprächs bestätigten wir Ihnen, daß wir dieses Schuldscheindarlehen nicht auf dem freien Markt anbieten werden, sondern zur Refinanzierung zwei bis drei befremdete Kapitalsammelstellen bzw. Versicherungsgesellschaften ansprechen werden.

Wir erklärten uns ferner bereit, und zwar auf Grund Ihrer Kreditwünsche und der derzeitigen unsicheren Währungssituation, das Darlehen in zwei Tranchen, nämlich jetzt DM 10 bis DM 15 Mio, je nach Ihren Wünschen herauszulegen und den Restbetrag im Frühjahr nächsten Jahres zu valutieren, wobei wir davon ausgegangen sind, daß die Resttranche dieses Schuldscheindarlehen im Frühjahr möglicherweise zu günstigeren Bedingungen valutiert werden kann.

Da zur Zeit Ihres Besuches in Hamburg die Währungs- und Zinslage besonders ungünstig war, erklärten wir, daß die in Hamburg genannten Konditionen nicht unser letztes Wort seien, sondern wir der Meinung waren, daß nach Klärung der Währungsunsicherheit über günstigere Konditionen gesprochen werden könnte. Daher boten wir an, Sie in Island zwecks abschließender Verhandlungen zu besuchen.

Wir hoffen, Ihnen mit diesen Ausführungen gedient zu haben, und sehen Ihrer Rückäußerung gern entgegen. Wir haben uns erlaubt, Herrn Minister Jonason Kopie dieses Schreibens zur Kenntnisnahme zu übersenden.

Mit vorzüglicher Hochachtung  
Bank für Gemeinwirtschaft  
Aktiengesellschaft  
Niederlassung Hamburg



Samanburður á 2.lánum frá V.Þýzkalandi.

Lán A. DM: 25.000.000.oo. (tekið 10/4,1969)

Lánstími: 15.ár, afborgunarlaust í 2 ár.  
Vextir: 7 1/4%.  
Afföll: 1.25% plús sölukostnaður skuldabréfa 1% plús 1 1/2% samt.3.75%.  
gengi lánsins 96.25.

Raun-vextir verða þá 7.87%.

---

Lán B. Ótekið. DM: 30.000.000.oo,

Lánstími 18 ár afborgunarlaust í 4.ár.  
Vextir: 7 3/4%.  
Afföll: 2% eða gengi lánsins 98.

Raun-vextir verða þá 8.03%.

Mismunur á raunvöxtum er 0.16% ., Ef raunvextir af láni A.hefðu verið reiknaðir 8.03%, hefði gengismunur numið 0.9136% af DM: 25.000.000.oo, eða DM: 228.400.oo á gengi 22/-krónur eða ísl. Kr: 5.025.800.oo.

Nú ber þess að gæta að eftir að lán A.var tekið voru forvextir hækkaðir um 1%, en raunvextir af láni B. eru þó ekki hækkaðir nema um ~~0.16%~~ 0.16%

Hefði lán B.verið tekið á sama tíma og lán A má fullyrða að lánskjör hefðu orðið að minsta kosti þessi:

Nafnvextir: 6 3/4%. Lánstími 18.ár og 4.friár.  
Afföll: 2% og raunvextir hefðu þá orðið 7.06% eða nálægt 1% lægri en nú er möguleiki á.

Ef raunvextir á láni A. væru reiknaðir 7.06% í stað 7.87%, hefði gengi lánsins orðið 101.2516 í stað 96.25, eða mismunur 5%.  
5% af DM: 25.000.000.oo er DM: 1.250.000.oo á gengi 22/- eða ísl. Kr: ~~275x~~ 27.5 miljónir.

Til viðbótar má geta þess, að hefði lán B.verið tekið áður en vextir hækkuðu, þá hefði gengismunur numið 7.14% eða 7.14% af DM: 30.000.000.oo, er DM: 2.142.000.oo á gengi 22/- eða Kr: ~~475x~~ 47.124.000.oo.

Nauðsynlegt er að taka ákvörðun um lántöku þessa Lán B. sem fyrst, sökum þess að vextir geta hækkað mjög fljótlega og breittast þá allir skilmálar lánstilboðsins.

Ennfremur er vert að geta þess að lánið kémur ekki til útborgunar fyr en 31.október n.k.(1969)

SÍMSKEIÐ



SÍMSKEYTI



SÍMSKEYTI

SÍMSKEYTI



SÍMSKEYTI



SÍMSKEYTI

nnnn

1969 X 15

*Post*  
09:19

zczc lra290 nch418 nmt919 fbe1268 ryd117 b sna092

icrk hl urnx 019

norwalk conn 19 14 1228p edt

Lt

prime minister bjarni benediktson hanlid 14 reykjavik iceland)

greatly regret probably absent end october writing you care

embassy

daniel



EMBASSY OF ICELAND  
2022 CONNECTICUT AVENUE, N. W.  
WASHINGTON, D. C. 20008

3. nóvember 1969

Góði vinur:

Samkvæmt símtali við þig s.l. laugardag,  
sendi ég þér hjálagt stutta frásögn af viðræðum  
ykkar Mr. Rogers, Secretary of State, 23. október  
s.l.

Ég þakka þér fyrir ánægjulega samveru  
hér í Washington um daginn og vona að ferð  
ykkar Sigríðar til Stokkhólms og heim þaðan hafi  
gengið að óskum.

Með bestu kveðju,

*Þessu er svarað.*

*Halgrímur H. Halgrímsson*

Hr. forsætisráðherra  
dr. Bjarni Benediktsson  
Reykjavík

EMBASSY OF ICELAND  
2022 CONNECTICUT AVENUE, N. W.  
WASHINGTON, D. C. 20008

3. nóvember 1969

Góði vinur:

Samkvæmt símtali við þig s.l. laugardag,  
sendi ég þér hjálagt stutta frásögn af viðræðum  
ykkar Mr. Rogers, Secretary of State, 23. október  
s.l.

Ég þakka þér fyrir ánægjulega samveru  
hér í Washington um daginn og vona að ferð  
ykkar Sigríðar til Stokkhólms og heim þaðan hafi  
gengið að óskum.

Með bestu kveðju,

*Þinn eitt.*

*Halgrímur H. Halgrímsson*

Hr. forsætisráðherra  
dr. Bjarni Benediktsson  
Reykjavík



## F r á s ö g n

Kl. 3 e.h. fimmtudaginn 23. október 1969, átti dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra viðtal við hr. William P. Rogers, Secretary of State, á skrifstofu hans í State Department. Í fylgd með forsætisráðherranum var Magnús V. Magnússon, sendiherra í Washington. Protokollchefinn í State Department, hr. Emil Mosbacher, Jr. og hr. George M. Ingram, forstjóri Skandinavisku deildar State Dept., tóku á móti ráðherranum og fylgdu honum til skrifstofu Mr. Rogers, og var hr. Ingram viðstaddur samtalið, ásamt íslenzka sendiherranum.

Eftir að skipzt hafði verið á kveðjum, sagði dr. Bjarni Benediktsson, að hann hefði ekki viljað láta hjá líða, þar sem hann væri nú aftur kominn til Washington vegna ráðstefnu Atlantshafsfélaganna, að þakka fyrir hina mikilsverðu aðstoð sem hr. Rogers og amerísk stjórnvöld hefðu látið okkur í té með því að kaupa af okkur skreið fyrir Alþjóða rauða krossinn handa bágstöddum í Biafra. Þessi kaup hefðu komið sér afar vel fyrir okkur og leyst mikinn vanda sem við hefðum verið í vegna mikilla birgða af óseldri skreið, sem einmitt hefði verið verkuð fyrir þennan sérstaka markað. Ekki hefði verið unnt að skýra opinberlega frá þessari vinsamlegu fyrirgreiðslu Bandaríkjanna, þannig, að almenningur fengi vitneskju um þetta,



Því að sér skildist að lögð væri áherzla á það af bandarískri hálfu, að farið væri sem hljóðast um þetta mál. Mr. Rogers sagði, að stjórn sinni hefði verið ánægja að því að hafa getað orðið að liði í þessu máli og greitt þar með einnig úr miklu vandamáli fyrir Íslendinga. Hinsvegar sagðist hann ekki skilja, hversvegna byrfti að vera svona hljótt um málið og taldi að æskilegt hefði verið, að opinberlega hefði verið skýrt frá því, og málinu þannig gefið nokkurt "publicity" og spurði hann Mr. Ingram hversvegna það hefði ekki verið gert. Mr. Ingram kvað ástæðuna hafa verið þá, að talið væri mjög óæskilegt og jafnvel hættulegt, ef amerískir framleiðendur matvæla hefðu fengið vitneskju um þessi kaup matvæla frá Íslandi fyrir opinbert amerískt fé og það hefði jafnvel getað valdið miklum skurk í þinginu, ef þetta hefði verið látið uppskátt. Því hefði verið tekið það ráð að láta málið liggja í þagnar-gildi. Mr. Rogers virtist ekki alveg ánægður með þessa skýringu, en lét sér það þó lynda.

Forsætisráðherra skýrði hr. Rogers frá vandamálum, sem við ættum við að etja m.a. vegna síldarskorts, en síldin hefði lítið gert vart við sig við Ísland undanfarin ár og væru menn ekki á eitt sáttir um ástæðuna fyrir þessum langvarandi síldarskort, en síldin hefði verið drjúgur þáttur í lífsafkomu Íslendinga á undanförunum áratugum. Við værum



nú að reyna að renna fleiri stoðum undir efnahagslíf okkar svo að við þyrftum ekki að byggja afkomu þjóðarinnar einvörðungu á hinum einhæfu fiskveiðum. Við hefðum engin vandamál að bera upp við State Department nú, en gott væri að mega seinna eiga þá að, þegar við síðar kynnum að þurfa á þeim að halda í sambandi við frekari virkjanir fallvatna og hveraorku vegna iðnvæðingar lands okkar.

Loks minntist forsætisráðherra á rússnesku flotaheimsóknina til Íslands og kvað Bandaríkjamenn að sínum dómi vera of viðkvæma (touchy) út af þessari heimsókn, því að hann teldi það vera æskilegt að almenningi gæfist kostur á að sjá vopnaða Rússa á bryndrekum, sem hann hefði einungis haft spurnir af. Slík sjón af eigin raun, myndi gera almenningi ljósari hættuna, sem af Rússum stafaði, og þar með opna betur augu hans fyrir nauðsyn á vörnum landsins.

Mr. Rogers kvað State Department þakklátt fyrir hvernig á málum hefði verið haldið af Íslands hálfu, þ.e.a.s.

að heimsókn rússnesku herskipanna hefði verið breytt í opinbera heimsókn. Hinsvegar væri bandaríska ríkisstjórnin uggandi út af slíkri heimsókn og teldi Rússa vera að reyna að ná fótfestu á Íslandi til að fá aðstöðu þar fyrir herskipaflota sinn á Atlantshafi og þyrfti að vera vel á verði gegn slíkum tilraunum. Forsætisráðherra taldi ekki ástæðu til að óttast vegna þessarar opinberu heimsóknar, og e.t.v.

Ben. minntist  
með heilgismálið  
... á vettvangi  
í meira fjöðunum  
þann í ljós,  
stærri hluti  
í þessu  
í þessu



seinni eðlilegra opinberra heimsókna rússneskra herskipa, eins og herskipa annarra þjóða, sem við eigum vinsamleg viðskipti við. Íslenska ríkisstjórnin myndi að sjálfsögðu ekki gefa neinn kost á því að rússnesk herskip fengju aðstöðu á Íslandi eða í íslenskri landhelgi og myndi vera vel á verði gegn öllum tilraunum í þá átt.

Að loknu þessu viðtali, sem stóð yfir í hálf tíma, kvöddust þeir forsætisráðherrann og Secretary of State með vinsemd.



Frásögn

Miðvikudaginn 9. apríl átti forsætisráðherra, hr. Bjarni Benediktsson, viðtal við utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Mr. William P. Rogers. Viðstaddir samtalið voru Mr. Martin J. Hillenbrand, aðstoðarutanríkisráðherra fyrir Evrópumál, Mr. George M. Ingram, yfirmaður Norðurlandadeildar utanríkisráðuneytisins, Mr. Richard Dwyer, er fjellar þar um Íslandsmál, og undirritaður.

Í samtalinu lýsti forsætisráðherra þeim erfiðleikum, sem skapast hafa í efnahags- og viðskiptalífi Íslands síðustu tvö árin. Hann skýrði frá ástæðum: aflatregða, lækkað markaðsverð á útflutningsvörunum, missir skreiðarmerkaðarins í Nígíeríu o.s.frv., ræddi um afleiðingar þessara óhappa, og nefndi nokkrar ráðstafanir, sem íslenska ríkisstjórnin hefir gert til að mæta erfiðleikunum, og skýrði nauðsyn þess að auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs, einkum með sköpun nýrra útflutningsatvinnuvega. Þá minntist ráðherrann á möguleika þess, að bandarísk stjórnvöld veittu Íslendingum aðstoð í framangreindum erfiðleikum. Hann nefndi m.a. þau loforð, sem Bandaríkjamenn hafa gefið um aðstoð í skreiðarmálinu, og hversu lítið hefir orðið úr framkvæmdum í því efni. Hann minntist á, að vegna síðustu gengislökkana á íslensku krónunni, spari Bandaríkjamenn 3-9 millj. dollara, og nefndi möguleika á sérstöku framlagi í því sambandi (eins og gert var 1960). Þá minntist hann á almannavarnir á Íslandi og nauðsyn þess að byggðir verði vegir með sterku slitlagi, a.m.k. út frá þeim svæðum, þar sem árásarhætta er mest. Einnig varpaði hann fram þeirri spurningu, hvort bandarísk stjórnvöld gætu aðstoðað í sambandi við uppbyggingu nýrra útflutningsatvinnuvega eins og sjóefnavinnslu,

A. A. 2.



t.d. með því að hafa áhrif á bandarísk fyrirtæki á þessum sviðum o.fl. Ennfremur drap ráðherra á samninga um inngöngu í E F T A og hugsanlega auka aðild að EEC og hugsanlega fyrirgreiðslu Bandaríkjanna í þeim efnum. Einnig, hvort unnt mundi fyrir Bandaríkin að greiða fyrir fiskinnflutningi frá Íslandi, þó að bersýnileg vandkvæði væru þar á vegna annarra.

Bandaríski utanríkisráðherrann tók vel máli forsætisráðherra og sagði, að öll þessi atriði verði athuguð vandlega og af velvilja. Hann taldi æskilegt, að forsætisráðherra útskýrði framangreind vandamál einnig fyrir Mr. Nathaniel Samuels, sem alveg nýlega hafir tekið við starfi aðstoðar-utanríkisráðherra fyrir efnahagsmál.

Fundur Mr. Samuels og forsætisráðherra fór fram næsta dag. Viðstaddir voru Mr. George M. Ingram og Mr. Richard Dwyer, sem áður eru nefndir; einnig Guðmundur Benediktsson og undirritaður. Forsætisráðherra ræddi sömu mál og daginn áður. Mr. Samuels sýndi mikinn áhuga, og lofaði að athugun færi skjótlega fram á því, hvað hægt væri að gera. Undirritaður skýrði lauslega fyrir Mr. Samuels þau atriði, sem verið hafa til umræðu undanfarið varðandi PL-480 samningana og óskir okkar um betri lánskjör, og minntist einnig á vonbrigði okkar í sambandi við niðurskurð ostakvótana.

Báðir ofanefndir fundir fóru mjög vinsamlega fram. Frásögn þessi er send forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

Washington, D. C., 14. apríl 1969.



TrúnaðarmálFrásögn

Undirritaður átti í dag, samkvæmt eigin ósk, viðtal við Mr. Martin J. Hillenbrand, aðstoðarráðherra fyrir Evrópumál. Viðstaddur var hr. Richard Dwyer, er annast Íslandsmál í State Department. Mr. Hillenbrand hafði fengið að vita, að ég væri á færum til Reykjavíkur, og að ég óskaði að ræða þau atriði, er Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hafði rætt um við Mr. Rogers, Secretary of State, nýlega. Hann hafði því tilbúið minni blað um þessi mál, og minntist á eftirfarandi atriði:

1. Hvað skreiðina snertir, endurtók hann það sem bandaríska sendiráðið hefir begert skýrt frá í Reykjavík, þ.e. að lagt verði að Alþjóða Rauða Krossinum að kaupa skreið frá Íslandi fyrir Nígíeríu, að bandaríska sendiráðinu í Lagos hefði verið falið að greiða fyrir slíkum kaupum, og að fé verði lagt fram í þessu augnamiði (á eftir nefndi Mr. Dwyer \$ 3 millj. í þessu sambandi).
2. Varðandi fjárframlag í tilefni af gengisfellingunum á Íslandi, tók Mr. Hillenbrand fram, að það mál væri erfitt, en verið væri að athuga alla möguleika í þessu efni.
3. Um PL-480 benti hann á að nú væri ákveðið að gera samning við Ísland um 1,7 millj., og að kjörin verði miklu betri en áður.
4. Um vegalagningarmálið sagði hann, að það væri í athugun, en sýnilega erfitt mál.
5. Um samninga Íslands við EFTA tók Mr. Hillenbrand fram, að enn væri í athugun hvað unnt væri að aðhafast í því



máli, en eitthvað yrði reynt að gera (Á eftir sagði Mr. Dwyer, að hlutaðeigandi amerískir embættismenn teldu mjög erfitt fyrir sig að reyna að hafa áhrif á Breti í þessu efni, því að það bryti í bága við ýmislegt, er Bandaríkjamenn hafa áður haldið fram við þá í EFTA málum).

6. Mr. Hillenbrand sagði, að önnur mál sem forsætisráðherra hefði nefnt, yrðu einnig athuguð af velvilja, og að W. Rogers utanríkisráðherra hefði mikinn áhuga á að leysa þau á jákvæðan hátt. Yfirlétt virtist Mr. Hillenbrand mjög ánægður með þann árangur, sem þegar hefir náðst, og benti sérstaklega á skreiðarmálið og PL-480.

Ég lét í ljós þakklæti fyrir hina jákvæðu afstöðu Bandaríkjastjórnar og fyrir það sem þegar hefir verið gert, en tók fram, að mér virtist harla lítið hafa miðað áfram:

1. Varðandi skreiðina benti ég á, að þrátt fyrir hinn góða vilja Bandaríkjastjórnar og viðleitni hennar, væri allskostar óvíst, hve mikil skreið yrði keypt eða hvenær, og vel gæti farið svo að endanlega yrði ekki keypt nema fyrir nokkur hundruð þúsund dollara. Allt veltur á Alþjóða Rauða Krossinum og ástandinu í Nígíeríu. Auk þess benti ég á, að framangreind yfirlýsing Bandaríkjastjórnar um skreiðina væri aðeins áframhald á viðleitni Johnson-stjórnarinnar. Hún hefði unnið að þessu máli á alveg sama grundvelli, og það hefði eftir 1-2 missera baráttu aðeins leitt til kaupa á skreið fyrir \$300,000.- Þetta virtist koma Mr. Hillenbrand á óvart.

2. Um PL-480 tók ég fram, að við værum þakklátir fyrir hin bættu kjör sem nú væru boðin, en þetta gæti í mesta lagi leitt til nokkur hundruð þúsund ~~þúsund~~ <sup>dollara</sup> hagnaðar fyrir Ísland miðað við undanfarin ár. Ég skýrði Mr. Hillenbrand



frá þeim erfiðleikum, sem verið hafa á framkvæmd PL-480 samninganna undanfarin ár, - mest af skriffinnsku-ástandum í Washington - er á síðasta ári leiddi til þess, að við gátum aðeins notað ca. \$900.000 af ca. \$ 2 millj. láni. Nú verður aftur nær hálft árið liðið, er skrifað verður undir 1969 samninginn, svo að alveg eins má búast við, að ekki notist nema hluti af þeim \$ 1,7 millj., sem til boða standa. - Þetta hefði Mr. Hillenbrand ekki verið ljóst.

3. Af framangreindum ástandum sagði ég að íslenska ríkisstjórnin legði áherzlu á, að leið yrði fundin til að láta í té fjárframlag, enda væri ljóst að Bandaríkjamenn myndu annars hagnast um 7-9 millj. dollara á erfiðleikum Íslendinga (vegna gengisfellinganna). Mr. Hillenbrand kvaðst mundu leggja aukna áherzlu á að lausn fengist á þessu máli, en slíkt væri miklu erfiðara nú heldur en 1960, því að löggjöfin væri breytt, og auk þess hefðu fjárlögin verið stórlega skorin niður.

4. Hvað vegina snertir, kvaðst ég vilja skýra frá hlíð á málinu, sem e.t.v. gæti orðið til aðstoðar utanríkisráðuneytinu í viðleitni þess til að finna lausn: Ég var fyrir nokkrum dögum (23. apríl) staddur í Norfolk, Virginia, og gekk þá á fund Admiral Holmes (SACLANT). Meðal mála, sem bárust í tal, voru vegirnir á Íslandi, en Admiral Holmes hefir séð hluta af vegakerfinu þar. Ég benti á, hve malarvegirnir bila oft að vetri til, og að vandamál þetta verður æ erfiðara eftir því sem umferðin eykst og farartækin verða þyngri, - og spurði hvort ekki væri nauðsynlegt frá hernaðarlegu sjónarmiði að setja sterkt slitlag á vegina. Admiral Holmes kvaðst mundu hugsa um þetta mál, en fljótt á litið sýndist sér, nú þegar hann færi að hugsa um það, að nauðsynlegt væri að hafa traustan veg milli Keflavíkur og Hvalfjarðar. Ef hann yrði sömu skoðunar eftir nánari athugun, mundi hann reyna að koma því til leiðar,



að þarna yrði byggður vegur með sterku slitlagi. Ég tók fram, að ef til kæmi, yrðu íslenskir aðilar að byggja veginn; það sem vantaði, væri fé. Flotaforinginn kvaðst skilja það. (Hann bætti við, að sennilega yrði erfitt að útvega fé til slíkrar vegagerðar, vegna stöðugra sparnaðarráðstafana stjórnskráldanna).

Mr. Hillenbrand þakkaði þessar upplýsingar og kvaðst mundu reyna að flýta athugun á þessu máli og öðrum, sem til umræðu hefðu verið; ef Department of State mætti ráða, væri engin vandi á ferðum; þá yrðu öll mál afgreidd eins og við óskum; en vandinn lægi í því, að State Department yrði að slást um hvert atriði við ýmsar aðrar stjórnardeildir. Hann lofaði að lokum að gefa nánari svör áður en langt um líður.

Washington, D. C., 2. maí 1969

Pétur Thorsteinsson

TRÚNAÐARMÁLI



Bjarni Benediktsson

Bækur 19/9 '69

Allpt. 1967 A  
1964 G+D  
1963 B  
1965 C.

Andvari 1966-68 (ásamt fyrir m.)

Stæraréttard. 1966 (ásamt fyrir m.)

Úlfjötur 1967-8 (ásamt fyrir m.)

Lögberg Kennskninga 1966-8 (ásamt fyrir m.)

Borgunarflokkur Pétarsson  
Bref (letur)

Skimmi fyrir m.

Almanakki fyrir m.



*Bréf til félagsmanna*  
*Hins íslenska bókmenntafélags*



*Reykjavík, nóvember 1969*



ÚTGÁFUBÆKUR Hins íslenska bókmenntafélags árið 1969 koma nú innan skamms út, heldur síðbúnari en æskilegt hefði verið. Verður sá háttur á hafður, að sumar þeirra verða sendar félagsmönnum fyrir árgjald þeirra, en aðrar gefst félagsmönnum kostur á að kaupa með 20% afslætti, svo sem lengi hefur verið.

*Félagsbækur verða þessar:*

1. *Skírnir* 143. árgangur. Verður hann um 300 bls. að stærð. Meðal nýmæla í ritinu má nefna ritskrá um íslenska bókmenntasögu síðari alda, sem Einar Sigurðsson bókavörður hefur tekið saman.

2. *Enskar heimildir um sögu Íslendinga á 15. og 16. öld*, eftir Björn Þorsteinsson sagnfræðing. Rit þetta er að mestu leyti unnið á grundvelli heimilda, sem prentaðar eru í XVI. bindi Íslensks fornbréfasafns og hefur m. a. að geyma greinargerðir um þær.

3. *Veröld á Flóttu?* eftir Edmund Leach, í þýðingu Haralds Ólafssonar dagskrárstjóra Ríkisútvarpsins. Bók þessi er safn erinda, sem flutt voru í útvarpið síðastliðinn vetur, þar sem fjallað er um ýmis málefni nútímans á nýstárlegan hátt.

4. *Hið íslenska bókmenntafélag - söguágrip -* eftir Sigurð Líndal hæstaréttarritara og forseta Hins íslenska bókmenntafélags. Er hér um að ræða sérprentun þriggja greina, er birtust í Lesbók Morgunblaðsins sl. sumar, í þeim tilgangi að kynna félagið. Er bæklingi þessum ætlað sama hlutverk og einkum tekinn saman handa utanfélagsmönnum. Félagsmönnum er hann sendur með þeim tilmælum, að þeir sýni hann einhverjum, sem áhuga kynnu að hafa á starfsemi Bókmenntafélagsins og vildu etv. gerast félagsmenn.

Með hliðsjón af þessu hefur árgjald félagsmanna 1969 verið ákveðið kr. 750.00. Er það eins lágt og frekast er kostur og raunar of lágt miðað við allan tilkostnað. Má geta þess ma., að prentunarkostnaður hefur hækkað um 30% frá því sem var sl. ár. Er von forráðamanna félagsins sú, að takast megi að fjölga félögum svo, að bilið brúist.

*Aðrar útgáfubækur verða þessar:*

1. *Íslenskt fornbréfasafn* XVI. bindi. 7. hefti - efnisyfirlit og registur. Er XVI. bindi fornbréfasafns lokið með þessu hefti. Björn Þorsteinsson sagnfræðingur hefur annazt útgáfuna. Verð þessa heftis er kr. 300.00 til félagsmanna, en bókhöfðuverð kr. 400.00.

Athygli skal vakin á sérstöku pöntunarkorti, sem fylgir félagsbókum.

2. *Íslenskar gátur, þulur og skemmtanir*. Ljósprentun þessa verks er nú lokið og kemur það út alveg á næstunni að öllu forfallalausum.

Eins og félagsmönnum er kunnugt, hafa þegar verið ljósprentuð 3 hefti þessa rits, 1.-3. hefti - að vísu í 2 heftum, og endaði ljósprentun á bls. 224 í II. bindi. Þessi hefti fylgdu Skírni á sínum tíma og eru því væntanlega í eigu flestra félagsmanna. Sá háttur verður á hafður, að þeim félagsmönnum verður gefinn kostur á að eignast framhaldið, sem þess óska, og mun pöntunarkort fylgja félagsbókum, þar sem nánari grein verður gerð fyrir skilmálum.

Félagið hefur ýmislegt í undirbúningi, og skulu eftirtalin rit nefnd.

1. *Annálar 1400-1800*

Vísað skal til þess, sem sagði um þetta rit í síðasta bréfi til félagsmanna, sbr. Skírni, bls. 207. Unnið hefur verið á þessu ári að útgáfu texta, en verkið reynist tafsamara en ætlað var, og er því ekki unnt að segja til um, hvenær því muni ljúka.

2. *Íslenskar ævishrár*

Einnig skal vísað til greinargerðar í síðasta bréfi til félagsmanna, sbr. Skírni, 1968, bls. 207, með þeirri viðbót þó, að víst má telja, að handrit 6. bindis verði tilbúið á næsta ári - 1970.

3. *Ævisaga Brynjólfs Péturssonar*

Aðalgeir Kristjánsson cand. mag., skjalavörður, hefur samið hana og verður handrit að öllum líkindum tilbúið á næsta ári - 1970.

4. *Rit um handritið Stjórn og lýsingar á því*

Dr. Selma Jónsdóttir forstöðumaður Listasafns ríkisins hefur í þessu riti sett fram athyglisverðar kenningar um uppruna handrita Stjórnar, og má vanta þess, að ritið komi út á vegum félagsins næsta ár.

5. *Flokkur lærdómsrita*

Félagið hefur látið undirbúa flokk lærdómsrita - einkum erlendra í íslenskri þýðingu og má ætla, að 5 bækur verði albúnar til prentunar um nk. áramót.

Hér verður um að ræða bæði samtímaverk, sem brjóta til mergjar einhver viðfangsefni nútímans af skynsamlegu viti og með nýstárlegum hætti eða sigild rit, sem marka með nokkrum hætti tímamót í sögu mannlegrar hugsunar.

Þessi rit eru:

Albert Einstein: Afstæðiskenningin (*Über die spezielle und die allgemeine Relativitätstheorie*, 1916) í þýðingu Þorsteins Halldórssonar eðlisfræðings. Sigmund Freud: Sálgreiningin (*Über Psychoanalyse. - Fünf Vorlesungen gehalten zur zwanzigjährigen Gründungsfeier der Clark University in Worcester, Mass.*, 1909) í þýðingu Maiu Sigurðardóttur sálfræðings.

John Kenneth Galbraith: *Iðnríki okkar daga* (*The New Industrial State - The Reith Lectures*, 1966) í þýðingu Guðmundar K. Magnússonar prófessors. John Stuart Mill: *Frelsið* (*Essay on Liberty*, 1859) í þýðingu Jóns Hnefils Aðalsteinssonar fil. lic.

Charles Percy Snow: *Vísindi og valdstjórn* (*Science and Government*, 1961) í þýðingu Baldurs Símonarsonar lífefnafræðings.

Ritstjóri bókaflökks þessa hefur verið ráðinn Þorsteinn Gylfason B.A. og skal vísað til nánari greinargerðar hans í Skírni þetta ár.



## 6. Rit um sögu húsaugerðar á Íslandi

Hörður Ágústsson skólastjóri vinnur að þessu riti, en óvíst er hvenær það kemur út.

Um húsnæðismál félagsins er þess að geta, að allt situr við það sama og fyrr. Eru bækur þess á víð og dreif um borgina – á amk. 4 stöðum. Það er nú að verða eitt allra brýnasta úrlausnarefnið að afla félaginu varanlegs samastaðar.

Með bréfi Ríkisskattstjóra dagsettu 18. marz 1969 var félaginu veitt viðurkenning þess að hafa heimild til að taka við gjöfum með þeim afleiðingum, að verðmæti gjafanna megi draga frá skattskyldum tekjum sbr. 36. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Ekki hefur þó ríkissjóður enn neins misst af skatttekjum vegna þessara hlunninda félagsins.

Um önnur málefni félagsins er þessa helzt að geta:

Fjárhagur félagsins er sem fyrr ekki eins traustur og skyldi; enda þótt reikningar sýni etv. sámilega afkomu, ber að hafa í huga, að þegar hefur verið ráðizt í fjárfrek fyrirtæki, sem kosta munu allveruleg útgjöld á næstunni. Skal áherzla lögð á, að allt, sem sagt er um fyrirhugaða útgáfu, er háð því, að nægilegs fjár verði aflað, en um það verður engu slegið föstu eins og sakir standa.

Dreifingu Skírnis var hagað svo síðasta ár, að hann var sendur félagsmönnum gegn póströfu. Brugðust flestir vel við og vitjuðu hans. Verður nú sami háttur hafður á dreifingu, en um leið þeirri eindregnu áskorun beint til félagsmanna að láta ekki undir höfuð leggjast að sækja Skírni og fylgirit hans, þegar tilkynning berst frá póstinum. Veldur það miklum kostnaði og fyrirhöfn, ef það bregzt. Ma. verður að greiða burðargjald allra sendinga, sem endursendar eru af þeim sökum, en síðan að ráða menn til útburðar og gjalda þeim 10-20% þess, sem innheimtist. Gefur auga leið, að pósturinn er hinn rétti aðili slíkrar dreifingar og lítil skynsemi í því, að hver útgefandi tímarits setji á fót sérstakt kerfi í því skyni.

Skal nú látið staðar numið, um leið og félagsmönnum eru sendar beztu kveðjur og þökkunð ánægjuleg samskipti.

Virðingarfyllst,

Sigurður Líndal

forseti Hins íslenska bókmenntafélags

---

*Þeirri eindregnu áskorun skal beint til félagsmanna að vitja Skírnis og fylgirit hans sem fyrst eftir móttöku tilkynningar þar að lútandi. Sparar það bæði fé og fyrirhöfn, svo sem nánar er rökstutt hér að framan.*

*Þess skal getið, að póstkostnaður er allmiklu meiri en í fyrra, þar sem senda verður ritin í bögglapósti. Er því óhjákvæmilegt að leggja hluta – u. þ. b. helming – þess kostnaðar á félagsmenn eða kr. 25,00. Póstkrafan nemur því kr. 775,00.*